

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn Sveitarfélagsins Árborgar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 599/2009 með síðari breytingum.

1. gr.

66. gr. verður svohljóðandi:

Framkvæmdastjóri sveitarfélagsins er æðsti yfirmaður starfsliðs sveitarfélagsins, fyrirtækja þess og stofnana. Fjármálastjóri er staðgengill framkvæmdastjóra.

2. gr.

67. gr. verður svohljóðandi:

Framkvæmdastjóri sveitarfélagsins ræður félagsmálastjóra, fræðslustjóra, fjármálastjóra og tækni- og veitustjóra. Félagsmálastjóri ræður starfsmenn á félagsmálasviði og forstöðumenn stofnana sem heyra undir sviðið. Fræðslustjóri ræður skólastjóra leik- og grunnskóla. Fjármálastjóri ræður starfsmenn á fjármálasviði. Tækni- og veitustjóri ræður starfsmenn á tækni- og veitusviði. Forstöðumenn stofnana ráða annað starfsfólk sveitarfélagsins. Sömu tengsl eru á milli aðila hvað varðar veitingu áminninga og uppsagnir.

Samþykkt þessi sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samkvæmt 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Innanríkisráðuneytinu, 17. október 2011.

F. h. r.

Hermann Sæmundsson.

Stefanía Traustadóttir.